



Verklagsreglur vegna barna starfsfólks í leikskólum í Skagafirði

Leikskólastjóra er heimilt að höfðu samráði við fræðslustjóra að veita leikskólakennurum, uppeldismenntuðum starfsmönnum og leiðbeinendum forgang fyrir börn sín í leikskólum í Skagafirði. Börn leikskólakennara og uppeldismenntaðra starfsmanna eru þó ávallt í forgangi ef leikskólinn uppfyllir ekki menntunarhlutfallið þ.e. 2/3 hluti starfsmanna er menntaður. Heimild þessi getur jafnframt tekið til barns starfandi dagforeldra séu pláss hjá þeim fullnýtt.

Forsenda slíkrar ákvörðunar skal almennt vera að barni standi ekki önnur úrlausn til boða og sé að leysa úr starfsmannavanda viðkomandi leikskóla. Miðað er við að viðkomandi starfsmaður sé með ráðningarsamband við leikskóla í Skagafirði eða sé metinn hæfastur umsækjenda.

Njóti barn forgangs skv. 1. mgr. skuldbindur starfsmaðurinn sig til að starfa 12 mánuði að lágmarki við leikskólann. Láti starfsmaður engu að síður af störfum fyrir 12 mánaða ráðningartímabil missir barnið leikskólaplássið sama dag og starfsmaður lýkur störfum nema komið sé að inntöku þess í leikskóla skv. innritunarreglum.

Sé barnið vistað í öðrum leikskóla en starfsmaðurinn starfar við skulu starfsmaðurinn og leikskólastjóri tilkynna leikskóla barnsins hvenær starfsmaðurinn muni láta af störfum.

Mér undirritaðri/uðum hafa verið kynntar þessar reglur og ég samþykki þær.

Dags. _____

Undirskrift foreldris/starfsmanns:

Nafn: _____

Kennitala: _____

Staðfesting leikskólastjóra: _____

Afriti af skjali þessu skal leikskólastjóri skila til fræðslustjóra.